

Þitt fyrsta verk á vettvangi er að tryggja öryggi allra á staðnum. Í sumum tilfellum getur verið erfitt að útilokað með öllu hættu á slysum en þú ættir þó alltaf að geta dregið verulega úr líkunum á frekari slysum.

Lestu eftirfarandi dæmisögur og reyndu að svara spurningunum

1. Ímyndaðu þér að þú sjáir einhvern liggja á gangstéttarbrúninni hinum megin á veginum. Það lítur út fyrir að manneskjan hafi dottið af hjólinu sínu og hafi slasast.  
*Hver er mikilvægasta manneskjan í sögunni?*
2. Þú ert í göngutúr við Elliðaárnar og skyndilega sérðu að veiðimaður er að drukna í vatninu.  
*a) Hvað ógnar öryggi þínu við þessar aðstæður?  
b) Hvernig getur þú tryggt öryggi á slysstað?*
3. Bróðir þinn liggur á gólfinu, hann heldur um rafmagnssnúru.  
*a) Hvað ógnar öryggi þínu við þessar aðstæður?  
b) Hvernig getur þú tryggt öryggi á slysstað?*
4. Líttill flutningabíll lendir á ljósastaur. Þú sérð að bílinn er merktur eiturefnum á hliðinni. Einn maður liggur við hlið bílsins og annar inni í honum.  
*a) Hvað ógnar öryggi þínu við þessar aðstæður?  
b) Hvernig getur þú tryggt öryggi á slysstað?*
5. Þú kemur í heimsókn til ömmu þinnar. Hún var að hella upp á kaffi í pressukönnu og missti könnuna með brennandi heitu kaffinu yfir sig, bæði hendur og fætur.  
*a) Hvað ógnar öryggi þínu við þessar aðstæður?  
b) Hvernig getur þú tryggt öryggi á slysstað?*
6. Þú heyrir brothljóð inni í eldhúsi. Mamma þín var að þurrka leirtauið og missti eitt af glösunum í gólfið. Síðan skar hún sig á hendi við að safna glerbrotunum saman.  
*a) Hvað ógnar öryggi þínu við þessar aðstæður?  
b) Hvernig getur þú tryggt öryggi á slysstað?*